

Tíodels saga: A Modernised Text and Translation

Alaric Hall, Védís Ragnheiðardóttir, Valentina Bonelli, Maclean S. Brasch, Sarah K. Clouston, Alessia Dalla Costa, Marta Doncato, Jessica H. Element, Karen R. Fox, Conor C. Hannon-Healy, Rhona W. Michie, Lauren L. Miller, Samuel Millne-Ellison, Enrica Petta, Xa E. Rodger, Alice N. Savage, Ian Simpson, Catherine S. Smith, Johanna E. Strebl, Abigail H. Vallis

This is a working paper, ultimately intended after revisions and the completion of an introduction for journal publication. A copy of the final paper will be uploaded to the same URL on publication. Corrections gratefully received to alaric@cantab.net or using the Google Docs comment function. Posted in this form 21 January 2025.

Text modernised from Tove Hovn Ohlsson (ed.), *Tíodelis saga*, Stofnun Árna Magnússonar í Íslenskum Fræðum, rit, 72 (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 2009), B-text.

Einn riddari var sá er Tíodel hét, og byggði í borg þeirri er Sarey heitir. Hann var kvongaður, og er ei nefnd kona hans hér, en hún var allra kvenna harðlyndust, grim og gálaus til góðra verka, aflandi og elskandi allt hið lastafulla veraldar líf, en fyrirlítandi annars heims eilífa dýrð og dásemd, sem birt mun verða í þessu ævintýri.	There was once a knight called Tíodel, who lived in that city which is called Sarey. He was married; his wife is not named here, but she was of all women the most hard-hearted; fierce, and unmindful of good deeds; grasping, and loving of the world's sinful existence; and despising of the eternal wealth and glory of the heavenly kingdom—as will be shown in this tale.
En hennar bóndi var með þeirri mestu blíðu, sem Drottinn hafði honum veitt og gefið, og hann kunni henni vel að stilla. Hér með hafði hann yfirfarið allar sjö liberales listir, og að telja og reikna stórt og smátt. Segir svo og að hann var líkur Samson að aflinu, en Absalon að vænleiknum, Salomon að viturleikum, en Aristoteli að blíðunni. Voru þessar skilningarlistir inngengnar í hans hjarta, og hafði hann uppnumið með öllum sínum rótum og útrásum. Hvað er annað að segja enn hans líf stóð með öllum veraldarblóma, sem Guð hafði honum lént og lánað.	But her husband had the greatest affection for her, which the Lord had granted and given him, and he knew well how to handle her. In addition, he had studied all seven liberal arts, and how to count and calculate numbers large and small. It is also said that he was like Samson in strength, like Absolon in beauty, like Solomon in wisdom, and Aristotle in joy. These scientific skills were inculcated into his heart, and he had studied all their roots and branches. What more is there to say than that his life was, in all things, at the peak of worldly flourishing—which God had brought and lent him.
Fór hann um ýmis ríki og um öll lönd að reyna sinn frama og fordild. Var hann og í öllum stöðum hinn víðfrægasti riddari, þó hér séu ekki nefndir nema þann einn, sem hann byggði með sinni konu í kóngríki nokkru. Var hann settur yfir tólf þúsundir riddara, og þar með gangandi sjálfum kónginum hið næsta, bæði úti og inni.	He travelled through various kingdoms and through every land to test his prowess and pride. Wherever he went, he was the most famous knight; but here we only discuss one place, which he inhabited with his wife in one or another kingdom. He was put in charge of twelve thousand knights, walking, moreover, alongside the King himself, both outdoors and inside.

En þó þessi maður hafði allt til að bera, þá var þó mikið misfelli á hans hag, það sem öllum þótti undarlegt, að hann hvarf úr hirð kóngrs um tvo daga, svo enginn vissi hvað af honum varð. Undraði kónginn þetta og alla hans hirð, svo og hans eiginfrú, hvar af hún fékk þann harm og trega, að hún mátti ekki, sakir þeirrar ástar, sem hún lést hafa á sínum bónda, hvað svo líður, að hann kemur ekki heim allan þann tíma, sem fyrr var sagt. Nú kunnu menn ei neinum getgátum til að geta hvað af honum mundi orðið hafa; en eftir fyrrsagðan tíma kom herra Tíodel heim; urðu allir honum fegnir.	But although this man had everything going for him, he had one great flaw in his situation, which seemed strange to everyone: that he would disappear from the King's retinue for two days at a time, so that no-one knew what had happened to him. The king, his court, and also his wife marvelled at this, and she felt such sorrow and grief that she could not—on account of the love which she pretended to have for her husband, whatever happened—cope with him not coming home for that whole period, as was mentioned above. Now people had no idea what might have become of him; but after the aforementioned time, Sir Tíodel would come home, and everyone was pleased to see him.
Nú sem nokkur tími var svo liðinn, fýsti herra Tíodel heim í sitt ríki Sarey, og að finna sína frú, og sem hann þar kom, er hún nú gangandi fyrir sinn herra og húsbónda, honum bjóðandi með heimsins hnossum og blíðu kossum hann blíðlega kyssandi og í sínu hjarta forhugsandi, hvorn veg hún skyldi honum brugga þann dauða skugga, sem hún hefði honum hrekkvísa lund og sitt hrakhjarta grafið og grufað, byrjandi sitt mál og svo hefjandi: 'Hvað veldur því, minn hjartanlegasti unnusti, að þú hefur nú horfið tvo eða þrjá daga í hvorri viku út á skóga og eyðimerkur? Veit og enginn hvað af þér verður; er og þetta ærið nóg ætlað einum kvenmanni að bera að forstanda ríkið höfðingalaust, þar með að missa allrar þeirrar elsku, sem þú átt mér í sænginni að veita, sem kvenlegu mannkyni þykir best, og umvarða mest ef nokkuð verður á því frest, er sá enginn akur eða aldins epli veraldarinnar, að ei þurfi dögguan og vökvan nokkra, ef hitinn er svo bráður. Svo bruggar nú þetta mínu hjarta harm með ógurlegri pínu, að ég brenn í sundur af þeim mikla harmi, sem ég ber fyrir þig, minn kæri herra. Því bið ég þig að þú segir mér, hvað af þér verður um sagðan tíma sem þú hverfur'—drekki honum til með fullum krusum og kerum, hendur um háls honum leggjandi, og hann blíðlega kyssandi, honum alla sína blíðu veitandi.	Now, when some time had passed in this way, Sir Tíodel hurried home to Sarey, his kingdom, and to find his lady, and when he came there, she now goes before her lord and husband, entreating him with worldly treasures and loving kisses (kissing him joyfully yet in her heart plotting how she might brew for him the shadow of death, of which she had for him a treacherous desire, and for which she had plumbed the depths of her wicked heart), opening her speech and beginning thus: 'what causes you, my most passionately beloved, to disappear now for two or three days every week out into the woods and the wilderness? Indeed, no-one knows what happens to you; and it's hard enough for one woman to have to defend a leaderless kingdom, not to mention missing all the love which you ought to grant me in bed (which female people love best, and miss the most if something delays it): there is no field or fruit of the orchard in the world that doesn't need some dew and moisture, if the heat is too fierce. And so this is now fermenting sorrow in my heart, with terrible suffering, that I am burning up from the great sorrow that I have on your account, my dear lord. Therefore I request for you to tell me what becomes of you at the aforementioned time, when you disappear'—giving him mugs and pots full of drink, laying her arms around his neck, and gently kissing him, giving him all her pleasure.
Nú talar hann till hennar: 'Mín kæra unnusta, hugsa ei orðin undur að	Now he speaks to her: 'my dear sweetheart, don't think that unlikely

drepa þig eða deyða, slá í burt vondum hugrenningum, og ver með glöðu hjarta, þar sem mig skaðar ekki; því ég verð síðfara, heim í ríkið með fuglabyrði og dýra. Kemur þá á fyrir mér myrkur í skóginum, og villumst ég um eyðimerkur, enn þegar aflíður myrkrið, þá er mín skíðaferð svo fljótt að ég renn það aftur heim á einum degi. Nú hefi ég sagt þér sannindi máls míns, unnusta mín’.	things that have not happened are going to to slay you or kill you. ¹ Push away evil thoughts and have a joyous heart, where nothing is harming me; for I travel late, coming home to the kingdom bearing birds and animals. Darkness comes then upon me in the forest and I wander about the wilderness, but when the darkness passes, then my ski-journey is so swift that I slide back home in one day. Now I have told you the truth of this matter, my love.’
Hún sagði: ‘Nú sé ég að þú vilt firða mig ást þinni en taka þér aðrar konur í fang, en fyrirlíta mig, og leggja svo elsku þína til annarra kvenna. Aum er ég nú, vesöl er ég orðin, hart líð ég nú, að ég skal svo skjótt deyja. Armur var minn faðir, sorgful var mín móðir, að gefa mig svo aumum manni í fang. Hei hei, hó hó, harður [er nú] dauðinn þann sem hann yfirdettur.’ Hér með þessum orðum og fleirum öðrum dettur hún í dauða öngvit, en herran dreypandi á hana skæru vatni millum hennar vara, sem hann auðmjúkast kunni, ásakandi nú sjálfan sig mjög og sína samvisku, að hann skyldi svo nú dylja sína frá þeirra hluta, sem hún villdi af honum vita. Bar hann nú meiri sorg og hjartans ástríðu fyrir hennar skuld. En hún öll hans orð heyrandi, og til vara takandi, og svo talandi: ‘Ert þú hér, minn hjartans kæri?’	She said: ‘now I see that you want to deprive me of your love and take other women in your arms, and disdain me and so grant your love to other women. ² Now I am wretched; I am taking this hard, and I shall swiftly die. Pitiful was my father, sorrowful was my mother, to give me into the arms of such a wretched husband. Hei hei, ho ho, woeful is now the death which befalls him.’ With these words and many others, she collapses into total unconsciousness, but her lord, dripping clear water between her lips, as he knew well to do in the very gentlest way, now accuses himself and his conscience for hiding from her those things which she wanted to know from him. He now bears more sadness and heartache on her behalf. But she hears all his words, listens intently, and so says: ‘Are you here, my beloved?’
‘Já, mín frú’, sagði hann. ‘Ég skal segja þér gjarnan það sem þig forvitnar.’	‘Yes, my lady’, he said. ‘I’ll gladly explain to you what you have been curious about.’
Hún svarar: ‘Þá er ég kát.’	She replies: ‘then I am filled with joy.’
Hefur hann síðan ræðu sína á þennan hátt: ‘Ég fer á skóg og hamskiptist, og fer ég úr mínum klæðum, í grann bjarndýrs ham og annarra kvikinda. Ét ég þeirra hold, og alla hluti hefi ég eftir þeirra náttúru á mínu efni. Er ég þeirra sterkastur fyrir sakir mannlegrar visku og náttúru. En hér í eyðimörkunni er hús nokkuð lítið, og þar eru mín klæði í geymd.’	He then resumes his speech in the same manner: ‘I go to the forest and I change shape: I go from my clothes into the skin of a slim bear and other creatures. I eat their flesh, and take all things into my own substance according to their nature. I am the most powerful of them because of my human wisdom and virtue. But still, here in the deserted forest lies a small house, and there my clothes lie stored’.

¹ It is hard to make sense of the phrase ‘huga ei orðin undur að drepa þig eða deyða’; the reading of the other MS, ‘XXXXX’, isn’t helpful. It is far from clear whether *hugsa* should be taken as infinitive, first person singular, third person plural, or (as here) imperative. Other possible implications might be ‘you don’t have to kill yourself over things that haven’t happened’; ‘don’t think about these things too much or you’ll kill yourself’; XXXXX. Might the derived *rímur* help?

² Reading ‘firða’ as a variant form of *firra* (‘deprive’).

Nú sem hann hefur sagt henni sína sögu, gleðst hún mjög í sínum huga, og hugsar með sér hvorn veg hún skuli þetta gjör fá að vita og talar til hans með þessum orðum: ‘Ég uni mér betur ef ég geymi þín klæði.’	Now that he has told her his story, she grows joyful in her heart, and thinks to herself how she might most fully get to understand this, and talks to him with these words: ‘It would make me feel better if I kept your clothes.’
Hann svarar: ‘Nógu mjög treysti ég þér mín frú, og vel bæri þér að svíkja mig ekki, því margur er annars málvinur, enn fáir fulltrúa, því bið ég þig fyrir Guðs skuld, að þú svíkir mig ekki.’	He replied: ‘I trust you sufficiently well, my lady, and can certainly rely on you not to betray me—you see, people do talk, and few can keep a secret, so I ask you, for God’s sake, not to betray me.’
Hún reytir nú sitt hár, og rífur sín klæði; kveðst eigi svo bölvuð vera, að drepa sinn eiginn herra. Hann segir þá til hennar, ‘Nu skaltu fara með mér til skógar, og sjá það litla herbergi sem ég byggi í.’ Hún faðmar hann upp að sér með þeim varanna seim, sem lýsti um allan hann, þvílíkt sem græn grösín greri það er þíða, fyrir sakir hennar falskleika, sem oft hefur raun á borið. ³	Now she tears at her hair, and claws at her clothes; she said she would not be so sinful as to kill her own lord. Then he says to her, ‘Now you must go with me to the forest, and see that little room which I inhabit. She embraces him to herself with that honey-comb of her lips, which brightened him up entirely, just as when the green grass grows where the ground thaws, on account of her falsehood, as has often been borne out.
Sýnir hann henni sín klæði og biður hana aldri þau burtu þaðan taka. Kveður það sinn dauða vera, ef hann missir þeirra, ‘og í þess dýrs líki sem ég er, nær ég kem af skóginum, þá verð ég svo að vera alla mína daga í þess dýrs ham svo lengi sem ég lifi.	He shows her his clothes and asks her never to take them away from there; he says that it would be his death if he loses them—‘and in whatever animal-form I am, when I come from the woods, then I will have to remain all my days in this animal’s skin as long as I live’.
Gengur hún nú síðan heim í sitt herbergi. Nú sem nokkur tími var liðinn, fýsti Tíodel til kóngrs fundar að vera með honum um stund í góðu yfirlæti. Fýsir hann nú að reyna sínar mentir eftir venju sinni. En þegar hans kona fornam, þá skrifar hún bréf til eins greifa sem hana hafði elskað, og með henni hafði legið um tíu ár. Kallar hann til sín og biður hann leika sem lystir. Segir honum nú allt það sem henni var mestur vari fyrirtekinn. Vill gjarnan hel og dauða síns bónda, því hann hefur nú tekið vargs ham, sem mannlegu eðli er ólíkur. Talar hún þá till hans: ‘Nú skulum við fara til skógar, og taka klæði þess vonda reyfara, sem ég átt hefi lengi.’	Now she returns home to her chamber, and when some time had passes, Tíodel hurried to a meeting with the King, to be with him for a while in good favour. He is eager to prove his learning, according to his habit. But when his wife perceived this, she writes a letter to one count whom she had loved, and who had lain with her for ten years. She calls him to her and asks to play a trick which she desired. She now tells him everything that was, for her, most incautious. She eagerly wishes hell and death upon her husband, because he now has taken the shape of a beast, which is contrary to human nature. She says to him: ‘now we must go in the forest, and take the clothes of that evil robber, that I’ve been married to for a long time.’
Hann sagðist það ei þora að gjöra, ‘fyrir sakir menntar og maktar riddarans, sem að honum hnígur um öll ríki. Er þá viss dauði, ef hann verður var þvílíks vélfengis.’	He said that he didn’t have the courage to do it, ‘because of the accomplishments and the power of the knight. Death is therefore certain if he becomes aware of this kind of plot.’

³ This difficult sentence is not in the A-text.

Hún svarar: ‘Það máttu hafa á marki, til þess hefi ég aldrei ráðið fyrr enn nú, og vertu öruggur, og lát hugferði þitt ekki skelfa þig, því nú er tími til, að taka hans klæði í burtu, því hann er nú kominn í vargs haminn.’ Tekur hún nú síðan í hans hönd og leiðir hann til skógar, í það sama herbergi sem fyrr var getið, takandi síns herra skarlats klæði, og svo talandi: ‘Ég vil gefa þér þau, minn unnusti’.	She replies: ‘you can believe it that I have never advised this before now—and be fearless, and don’t allow your thoughts to frighten you, and take his clothes away, because he has now come into a wolf’s skin. Then she takes his hand and leads him into the forest, into the same room as was mentioned before, taking her lord’s scarlet clothes, and saying ‘I want to give you these, my sweetheart’.
‘Nei, mín frú’, sagði hann, ‘ei vil ég þau bera; heldur vil ég bera þau hér út á móðuna, svo að þau megi aldrei finnast. Hygg ég þann verr hafa, sem þeim klæðist, utan herran sjálfur.’	‘No, my Lady’, he said, ‘I do not want not carry them, instead I will carry them out here into the river, so that they may never be found. I think he who wears them will be worse off than anyone except the lord himself’.
Hún svarar: ‘Manskræfa mikill ertu, að þú þorir ekki að bera klæði eftir dauðan þræl, og vilt heldur forleggja svo ágætan skrud, sem enginn finnst betri, eða svo góður. Skal ég þau geyma, þar til tólf mánuðir eru liðnir, og þú drekkur brúðkaup til mín.’ Linna þau nú sínu skrafi, og fara þau svo heim í sitt herbergi.	She replies: ‘you are a great coward: you do not have the courage to wear the clothes of a dead slave, and would prefer to cast aside such fine raiment, the like of which no-one has ever seen. I shall keep them until twelve months have passed, and you drink your marriage to me.’ So they now end their discussion, and each go home to their own chamber.
Líða þrír dagar frá því sem vant væri að Tíodel kæmi heim. Undraði þetta alla landsins innbyggjara. Varð þegar margur sorgfullur, og jafnvel kóngurinn og öll hirðinn út í frá. Var síðan farið að leita um allar áttir á skipum og skógum, heiðar og hallir, bæ og borgir, hús og herbergi, og þó fannst hann hvergi.	Three days pass from when Tíodel was expected to return home. This astonished the entire country’s inhabitants. Many immediately became grief-stricken, and the King just as much as his courtiers at home and beyond. People began searching in all directions: in ships and forests, moors and palaces, farms and cities, houses and rooms, but he was nowhere to be found.
Er nú aumlegt til að heyra, og frá að segja, hvorsu hörmulega fór um þann góða mann, og hvorsu harðlega hans kona gjörði til hans. Og er sá sæll, sem góða unnustu fær; kemur að því sem mælt er, að oft er flagð í fögru skinni; og það annað að margur leynist lengi: þetta kemur fyrir húsfreyja Tíodels.	It is sad now to hear and recount how tragically life went for that good man, and how harshly his wife treated him. And blessed is he who gets a good fiancé: as they say, there is often a giantess in an enchanting skin, and likewise that many hide themselves for a long time. This is the case for Tíodel’s wife.
En þó fer það nokkuð af hljóði eftir kóngs skipan, svo hennar harmur skyldi ekki verða svo ódæmilegur. En þegar hún fregnar nú hans andlát og dauða, verpur hún um koll, svo enginn vissi hvort hún mundi lifa eða ei. Og þá hún rankaði við, þá sagði hún: ‘Aum er ég; vesöl er ég orðin. Sárlegur er minn krankdómur; hryggilegur er minn dauði. Sorgleg er þessi	But things proceed somewhat quietly, according to the king’s order, so her sorrow should not be so huge.⁴ But when she now hears the news of his last gasp and death, she throws herself down, so no one knew if she would live or not. And then she woke up and said: ‘Poor me; I am so wretched! My sickness is painful. My death is mournful. Sad is this

⁴ It is a little hard to divine what is afoot here, but the corresponding sentence in A is equally confusing: ‘XXXXX’.

veslega veröld. Þá manni þykir sem skemmtilegast að lifa, þá er öðru hvoru í burt kipt á farsældar tíma mannsins, þá honum reiknast allir hlutir fagrir og fríðir. Kemur þá svört og svikul. Ef veraldar hjólið snýst um sem verða má, þá angrast maðurinn af öllu því sem áður hafði hann gleði af fengið.⁵ Eigi að síður gleðst hún nú í sínu hjarta og huga á marga vegi. Og sem það kóngurinn spyr hennar harm, þá fer hann með sinni drottningu að svæfa hennar sorg með mörgum fögrum orðum. En hún sig nú sem verst berandi með fýrsögðum harmi, meir enn nokkur megi greina. En þó sannast hinn forni málsháttur, að fyrnist flest er frá líður og það annað, að mikið megi margra manna bænir og mest fyrir meðalgöngu kóns og drottningar.	wretched world. When someone thinks life is most amusing to live, then everything is snatched away in their time of happiness, when they that everything is at its most fine and dandy. Then it turns black and deceitful. If the wheel of the world revolves, as can happen, then the person gets trouble for that from which before they had got happiness.⁵ However, in her heart and her mind she now grows happy in many ways. And as the King enquires after her grief, he goes with his Queen to slake her sorrow with many beautiful words. But she presents herself as coping the worst possible with the aforementioned sorrow, more than anyone can reckon. But the old saying proves true, that most grows old that has passed by, and likewise that other people's prayers have great power, and especially through the intercession of a king and queen.
Þá koma nú svo svik áðurgreindrar konu, að hún giftist þeim greifa, sem hún hafði sinn trúnað viðlagt, svo hann drakk nú brullaup til hennar. Var þar hin mesta gleði og glaumur. Þarf þar ekki að lengja, nema höfðingjar voru með þeim bestu féggjöfum í burt leiddir. En hún hafði fengið sína mestu blíðu, sem hún hafði veröldina lengi um ásakað. Látum þau nú í sínum munaðsemdum lifa, en víkjum til Tíodels í sínum mannraunum.	Now the betrayals of the aforementioned woman eventuated: she married the count, whom she had pledged her trust, so now he drank his wedding to her. There was the greatest joy and gladness there. It is not necessary to go on about it, except to say that nobles were led away with the best of gifts—and that she had received her greatest joy, which she had long demanded of the world.⁵ We leave them now to their luxury living, and we move to Tíodel in his mortal danger.
Það bar til einn dag sem optar, að kóngur reið út á skóg með öllu liði sínu, og sem kóngur hafði boga sinn spannað, þá leit hann stóran hvítabjörn og girtist mjög til dýrsins, og skaut fjögur skot eða fimm, og missti hann í hvort sinn dýrsins, og reiddist kóngur mjög og setur á bogann þær bestu örvar. Og sem dýrið skilur reiði kóns, rennur það á móti honum, með svo miklum ótta og hræðslu sem lifandi maður væri, og leggur sína hramma í kné kónginum, og fór með kóngi heim til hallarinnar. Og var það í öllum greinum sem mennskir menn, og gjörði engum mein af sér, og ekki minnsta manni. Hér með tók það fæðu af sjálfum kónginum.	One day it happened that the king rode out in the wood with all his retinue, and as [soon as] the king had drawn his bow, he saw a big polar bear and greatly desired the beast, and shot four or five times, and missed the beast each time, and the king grew very angry and put his best arrows to the bow. And when the animal perceives the anger of the king, it ran to meet him with as much fear and dread as a living and breathing person, and lays its paw on the king's knee, and went home to the palace with the king. And it was in every respect like human people, and it did not one of them any harm, not even the most insignificant person. Moreover, it took its food from the king himself.
Bar svo til einu sinni, sem oftast, að kóngur gjörði heimboð mikið, og bauð þar til muga og margmenni, og sem höllin var alskipuð með þá bestu menn, lítur dýrið einn greifa og kennir þar sinn óvin, og hleypur	The next thing that happened was that the king put out an invitation to all and sundry, and invited a large crowd of people there, and while the palace was occupied with the best men, the beast sees one knight and

⁵ This is a rather curious sentence; the corresponding sentence in A is 'XXXXX'.

þegar að honum með svo ógurlegri grimmd að það reif í sundur öll hans klæði. Og sem hann hafði fengið þessa svívirðing, snýr hann í burtu, og kom þar aldrei aftur. En kóngur varð svo reiður að hann bað sína hirð að drepa dýrið. En þá það skilur reiði kóngrs sýnir það á sér mikið blíðumark, og bað sér friðar með sínum augnabendingum.	recognises him as his enemy, and runs right at him with such frightful cruelty that it tore apart all of his clothes. And when the knight had received this dishonour, he turns around to leave, and never come back. The king was so angry he asked his court to kill the beast, but when the polar bear understands the king's rage, it exhibited the greatest mildness, and begged for clemency by indicating with its eyes.
Tóku nú menn að gleðjast af öli og var hér ekki meiri gaum að gefinn. Og liðu nú fram stundir um tólf mánuði, að ei ber til tíðinda. Og sem þetta gengur nokkra hríð, þá fer kóngur á skóg með öllu liði sínu, að veiða dýr og fugla. Og sem þeir hafa lengi veitt, kom á fyrir þeim myrkur, og villtust um eyðimerkur og þröngva skóga, og komu fram í Syria, þar sem fyrir réð áður greind drottning Tíodels riddara.	The men now began to grow merry from drinking beer and no more was attention given to this; and now twelve months passed with nothing newsworthy taking place. And so this goes on for some time, until one day the king goes into the forest with all of his followers, to hunt animals and birds. And so they had long hunted, when night came, and they lost their way about the desert and narrow forest, and arrived in Syria, where ruled the previously identified Queen of the knight Tíodel.
Fylgdi kóngi það sama dýr sem honum hafði áður fylgt. Var þar og mikill viðurbúnaður fyrir sakir ríkuleika öls og örgáta og annarra góðra fanga, hér með pryddar hallir með pelli og purpura. Var kóngur til hallar leiddur með hirð sinni og mörgum dýrum mönnum.	The king followed that same animal which he had followed before. There was also a great preparation on account of the power of ale and good cheer and other good things, along with halls arrayed with costly cloths and purple hangings. The king was led to the hall with his retinue and many rich people.
Var drottning ei komin í höllina fyrir síns ríkuleika sakir, fyrr enn á leið veisluna. Þá veik drottning til hallarinnar, með sjötíu skemmumeyjar. Leiddu hana tveir greifar, og voru þar með framdir allskyns strengleikar. Og sem drottningin kom á mitt hallargólfið, og þá Tíodel í dýrshamnum þekkir sína frú og hvorsu mikil svik hún hefur gjört honum, þá hleypur hann af stað með svo ógurlegri grimmd að þær sem með drottningunni gengu hrukku til bekkjar. En það hafði hana undir, og reif í sundur öll hennar klæði, og þar með af henni nefið, og víða holdið kramið. Varð drottning nú mjög reið af þessari skemmd, sem hún hafði, og mest fyrir sakir þess að dýrið var ekki drepíð. Verður nú kóngur ákaflega reiður, og bað að drepa dýrið, en því nær enginn fyrr enn það kemur fyrir kónginn. Hér með fellur það fram, og bað sér miskunnar, og feldi tár af sínum augum. En kóngur vildi ekki mýkjast að heldur.	On account of her status, the queen had not entered the hall until the feast was under way. Then the queen entered the hall with seventy handmaids. Two counts led her, and moreover they were abetted by all kinds of musical instruments. And when the queen came into the middle of the hall floor, and when Tíodel in his animal-form recognises his wife and how hugely she has deceived him, he leaps up with such awesome ferocity that those who walked with the queen retreated to the bench. And it had her under it, and tore apart all her clothes, and also her nose, and scratched her flesh all over. The queen was very angry at this indignity which she had suffered, and most of all because the animal was not killed. The king now becomes profoundly angry and commanded that the animal be killed, but no-one can get hold of it before it comes before the king. Then it fell down and begged for mercy, and tears fell from its eyes. But the king still did not want to be softened.
Þá gekk einn fátækur riddari úr sínu sæti, og sté fyrir sinn herra og	Then one poor knight got up from his seat and went before his lord

húsbónda. ‘Herra’, segir hann, ‘gjörð svo vel að þér andvarið mínu máli um þau orð sem ég vildi tala til yðar tignar. Hér hafa borið til fáheyrðir hlutir: það fyrsta, þér mistuð yðvarn hinn besta riddara fyrir tvennum tólf mánuðum, og það annað þér hafið fengið einn hvítabjörn, sem yður þikir mikilrar visku til allra hluta, og hefur það engum manni mein gjört, um sagðan tíma, nema þeim greifa, sem frú Tíodels var gift, og henni sjálfri nú mestu svívirðing. Eru ekki allir menn með jafnmikilri visku, svo sem þeir er yfir hafa farið allar liberales listir, og þær smásmuglega í gegnum ransakað hafa, og margir menn hafa og ham sínum skipt, þeir sem góðrar kunnáttu hafa verið. Hvarf hér einn riddari. Má vera að þau efni hafi hér til borið, en sá sem þessa list fremur, má aldrei úr þess kvikindis ham komast, ef hans klæði eru tekin.’	and master. ‘Sire’, he said, ‘would you be so good as to attend to my speech, regarding the words which I would like to speak to your majesty? Things seldom heard of have happened here: first, you lost your best knight twice twelve months ago; and second, you have received a certain polar bear, that seems to you of great wisdom in all things, and that has to no-one done harm during the aforesaid period, except to the count whom Tíodel’s lady married, and now to the lady herself the greatest disgrace. Not everyone has equally great knowledge—even if they have studied all the liberal arts, and have minutely researched them through and through—and many people who have been knowledgeable in good magic have also changed their form. Here one knight has disappeared. It could be that those things have happened here; but he who pursues this art can never get out of that creature’s form, if his clothes are taken.’
Varð nú mikill rómur á hans máli, en kóngur varð nokkuð reiður sakir þess, að hann gaf þau ráð sem kóngur kunni ekki, og sagði hann skyldi færa sönnur að máli sínu, eða missa líf sitt.	There was now a great applause at his speech, but the king grew rather angry because he gave advice that the king did not know about, so he said that he should give evidence for his case or lose his life.
Verður þar til að taka sem riddarinn er leiddur fyrir kónginn. Hóf hann sína ræðu hirðinni hjá verandi, drottningunni þar sitjandi: ‘Hér hafa borið til fáheyrðir hlutir um þennan góða riddara, og það dýr sem hér hefur gjört nokkurn skaða. Var yður það kunnugt að Tíodel hvarf um tvo daga eða þrjá. Hygg ég svo muni hafa, að þá Tíodel hefur reynt sína list, að klæði hans hafa verið tekin. Hygg ég það engan mann gjört hafa nema hans frú.’	The next thing that happened was that this knight was brought in front of the King. He began his counsel with the court sitting right alongside, with the queen sitting there: ‘seldom heard-of things have taken place regarding that good knight, and the animal which has here done a particular injury. It was known to you that Tíodel disappeared for two or three days at a time. I believe that it would have gone like this: that while Tíodel was practicing his art, his clothes were taken. I believe that no-one did that other than his wife.’
Verður nú mikill rómur á hans máli, nema af hans öfundarmönnum, og vinum frúarinnar, og sögðu hann verðan þess háðuglegasta dauða, en hann gaf sig ei að þessu. Sagði kóngi að enginn hefði tekið klæði Tíodels utan hans eigin frú, og bað kóng þar eftir að ganga og þrengja henni til með mörgum heitingum. Þótti mönnum þetta undarlegt, að kóngur skyldi svo mjög fara eftir eins manns orðtæki; þó varð svo að vera. Lét kóngur leiða frúna á einmæli fyrir sig, og spyrja hana að, hvort hún veit engan hlut af klæðum bónda síns Tíodels. En hún kveður því fjarri vera: segir það ljóta lygð sem þessi vondi dári beri fram með falsklegum munni, ‘og þér skuluð gjöra yður svo lítilrar tignar að trúa einum glappa’. Kóngur	His speech is applauded a lot, apart from by his enemies and the lady’s friends (they said he was worth the most shameful death, but he paid no attention to this). [He] said to the king that no one had taken Tíodel’s clothes except his wife, and asked the king to go next to constrain her with many commands. It seemed strange to people that the king must go so very far according to one person’s speech; but that was how it had to be. The king had the lady led aside for a private conversation, and asked whether she knows nothing of the clothes of her husband Tíodel. But she said ‘far from it’, saying that this evil fool serves ugly lies with a false mouth, ‘and that you should stoop so far beneath

svarar að svo mundi verða að vera.	your rank as to believe one idiot.” The king replied that it would just have to be that way.
Lét hann taka hana, og ótta með mörgum píslum, en þó hennar brot væri mikil, þá vildi hún þó vægja sínum vondu kroppi. Sagði hún þá til klæðænna, að hún hefði kastað þeim í móðuna, þar sem hennar bóndi hefði þau eftirlátið. Segir riddarinn þá til kóngs að hún geymi hans klæði, hvar sem þau sér niður komin. Var þessi hinn arma vættir enn kúguð til margra sagna, og hrædd mörgum píslum. Kemur að því sem mælt er, að uppkomi svik um síðir, þó í kaf fari. Vísar hún kóngi þá til klæðanna, og gengur með honum og lykur upp einni kistu, og tekur þar upp úr allan riddara skrud. Varð riddarinn þá harla feginn, og segir svo til kóngs og allra manna: ‘Sjáið nú hvern veg þessi arma vættir er, hversu harðlega hún hefir sviðið sinn bónda.’ Kveður hann það vera hennar eiginbónda, sem þar lægi fyrir fótum kóngi. Þótti öllum mikil hans viska, og yfirbærilegur djúpleiki, sem síðar mun raun á bera.	He had her taken, and had her scared with many tortures, but though her transgression was great, still she wished to spare her evil body. She said then about the clothes—that she had thrown them into the river where her husband had left them behind. Then the knight told the king that she would have stored his clothes, wherever they had sunk down. This wretched being was frightened further into other stories, scared of more tortures. It turns out as is said, that treachery becomes clear in time, though it dives down deep. She pointed out the clothes to the king, and goes with him and opens one chest and took from there all the knight’s clothes. Then the knight became very happy, and says thus to the king and all the people: ‘see now what this wretched creature is like—how cruelly she had betrayed her husband’. He declares that it is her wedded husband that is lying at the king’s feet. Everyone was impressed by his wisdom and surpassing acuity, as will be proven below.
Var dýrið þar oftast sem fyrrsagður riddari var. Var það grimmelegt við alla þá, sem riddaranum voru mótmæltir. Vissi kóngur ekki, hvað hann skyldi til gjöra, fyrr enn riddarinn kom til með sínum ráðum. Þó varð honum það fyrir, að hann tók við öllum riddarans skrud, og bar þangað sem dýrið var, og lagði þar niður. Var mönnum nú mikil forvitni á, hvort dýrið mundi snúast aftur í manns náttúru, eða hvernig hamurinn mundi fara, þá maðurinn skyldi við hann. En sem dýrið sá skrudan, vildi það með engu móti við honum taka, eða til hans leggja. Þá varð kóngur ákaflega reiður og bað að taka þennan djarfa dára, sem svo færi með orðin undur og fáheyrð ódæmi, sem enginn maður hefði heyrt að nokkur maður mundi vera svo lengi í dýrs ham, eða hafa svo orðna náttúru með sér. Því varð riddarinn tekinn, og leiddur í dyblissu.	The animal most often went wherever the aforementioned knight went. It was fierce to all those who protested against the knight. The king did not know what he ought to do, until the knight came to him with his advice. But came about that he took up all the knight’s fine clothes, and carried them to where the animal was, and laid them down there. People were now very curious to see whether the animal would turn back into a human’s form, or what would happen to the animal-form when the man parted with it. But when the animal saw the finery, it did not want to have anything to do with it, or get involved with it. Then the king became deeply angry and commanded that this impudent fool be seized, who was going about making a spectacle of himself with unheard-of monstrosities, since no-one had heard that anyone would be such a long time in an animal’s form, or have such a power of transformation. So the knight was seized and led into prison.
Verður þar nú til að taka, sem sá grimmosti vargur talar svo til kóngs: ‘Gjörið svo vel, að þér látið drepa þann háðuglega þorpara, heldur enn hlýða hans vöndum fortölum. Sjáið nú, fyrir hverjum álygum ég er orðin sem þessi vöndi svikari hefur á mig logið með illri undirhyggju, sem þessi	The next turn of events is that that cruelest beast speaks thus to the King: ‘Please be so good as to have that contemptible peasant killed, rather than obeying his evil slander. Consider what calumnies I have been faced with, that this evil traitor has slandered me with, with the evil

vondi dári ber fram með falsklegum munni, að ég mundi vera með svo hörðu brjósti og hjarta að drepa minn eiginbónda, þar hann var mikilli visku yfir aðra menn, þar ég mundi vilja kaupa hans líf með borgum og köstulum, og gefa mitt líf út fyrir hans líf. Væri yður nú betra að láta drepa þennan svikara enn hlýða honum.’ Urðu nú margir á hennar máli, og vildu drepa þann góða riddara.	deceitfulness that this wicked fool carries in his lying mouth—that I would be so hard in my breast and my heart as to kill my own husband, when he had great wisdom over other men, and when I would gladly buy his life back with cities and castles, and give my own life for his. It would now be better for you have that traitor killed than to obey him.’ Many now came over to her side, and wanted to kill that good knight.
Og sem þessi góði maður sá fyrir sinn dauða, þá bað hann kóng að gjöra eigi svo bráðan bana sinn fyrr enn hann hefði nokkur þau orð talað sem honum væri nauðsyn á. Sagði hann að líf sitt væri alla tíma jafn víst ef kóngur vildi svo gjört hafa, og með þeim bænastað var hann svo til orða takandi: ‘Þú ert djarfur hundur, að þú þorir að ganga fyrir mig, fyrir þær ódádír sem þú hefur mælt til þeirrar völdugu konu, sem hér ríkir í Syria með mörgum fáfengum orðum. Værir þú hér fyrir verður hins versta dauða og pínu. Hér með vill dýrið ei líta til skrudans. Hefur þú þann veg villt allra manna skynsemi með langri undirhyggju.’	And when this good man perceived his imminent death, he asked the king not enact his execution so suddenly, before he had spoken some words that he felt necessary. He said that, if the king wanted to have this done, his life would always be just as available for the taking, and upon that petition the king began to speak thus: ‘You are a bold dog for daring to challenge me, for the evil deeds of which you have accused this powerful woman, who rules here in Syria, with so many empty words. You would deserve here the worst death and torment. Also, the animal does not want to look at the fine clothes. You have in that way led all these people’s judgement into error with your long deception.’
Og sem kóngur lauk sínu máli, þá tók riddarinn til orða: ‘Yður herra kóngur er meir gefinn harðugleg orð með framheypni, heldur enn viska og vísindi. Hafa þær bækur haldið sem um heimsköpunina eru, að tveir menn voru skapaðir af almáttigum Guði, syndlausir í Paradís: Adam og Eva. Og svo voru þau sköpuð, að þau skömmuðust sín eigi nakin að standa, og forðuðu engum lið né lim á sér, heldur enn augna sinna. Enn eftir boðorðabrotið, skömmuðust þau nakin að standa. Má vera, að svo megi hér fara, að dýrið megi skammast að auðsýna sig mörgum manni. Takið dýrið og látið í eitt herbergi, og allan riddara skrudna, og engan veraldlegan mann með honum, og komi enginn maður til hans fyrr enn liðnar eru þrjár stundir héðan frá. Og ég fyrst með kónginum, og ef þá hefur ekki grand skipt um það sem ég hefi sagt, þá er mér maklegri dauði enn líf.’	And as the king finished his speech, the knight began speaking himself: ‘Lord King, from you I am more often given harsh words with rashness than wisdom and science. Those books which are about the creation of the world have maintained that two people were created by Almighty God, sinless in Paradise: Adam and Eve. And they were created such that they were not ashamed to stand naked, and they hid neither their joints nor limbs, let alone their eyes. Yet after the Fall, they were ashamed to stand naked. It is possible that it might be the same thing here: the beast may be ashamed to exhibit himself to many people. Take the animal and put it in one room, with all the fine dress of the knight, and no worldly person with him, and allow nobody to come to him until three hours from now. And I shall to go in first with the king, and if he has not changed in the way that I have said, then I am more deserving of death than life.’
Var svo gjört, sem hann bað og læst sterklega herbergið. Verður nú þar til að víkja, sem það leiðinlega líf andvarpar enn á móti, og segir ‘gjörð svo vel herra, að þér látið drepa þennan háðuglegasta svikara, heldur enn að hlýða hans völdum fortölum.’	So it was done as he asked, and the room was strongly locked. Now it comes about that that wretched being protests still, and says: ‘Please, Lord, kill dead this harsh traitor, rather than again obeying his persuasive power.’

Kóngur svarar að þess skyldi ekki langt að bíða, ‘ef að engir nýir atburðir yrði á þessum degi.’	The King answers that there would not be long to wait for this, ‘if no new events happen on this day’.
Þá sagði hún: ‘Nú sé ég að þú gjörir meir vilja eins vallara enn mín. Hugði ég það aldrei hin veslega veröld að þú mundir svo svikafull vera. Vei verði þér: enginn skyldi þér trúa minnst af því. Þá manni gengur sem best, og maður er með sinni mestu blíðu, þá kemur þú svört og svikul með eiturlegum broddum, og hvössum göddum þíns hjóls, alla vegi þig í kringum skoðandi, hvorn veg þú skulir mest og svívirðilegast úr allri virðingu koma, veltandi honum pall af palli, ei hugsandi til þeirrar fyrri æfi, þá allar veraldarinnar vænleikur var með manningum, heldur þá aflandi, sem til eins bóls og brygsla, súta og sorga. Hefur þú nú vesöl fengið þinn vilja.’	Then she said: ‘now I see that you do a favour more for one beggar than for me. ‘I never thought, you wretched world, that you would be so treacherous. Woe to you: no one should trust the least thing from you. When it’s going best for a person, and they are at the peak of their happiness, you come black and deceitful with poison-bearing stings and your wheel’s sharp spikes, looking around yourself in all directions to see how you how you will most and most disgracefully fall from all honour, tumbling them over from step to step, not considering those earlier days when the person enjoyed the whole world’s good fortune, but rather procuring at once misfortune and accusation, sicknesses and sorrows. You have now, wretched world, got your desire.’
Gaf hún veröldinni marga aðra, meiri og fleiri ávítan, heldur enn hér sé skrifað. Segir og svo að hún hugsaði svo mikið fyrir að sjá sinn herra Tíodel, að hún vissi ei það kvalakyn, að hún mundi ekki heldur vilja kveljast í, og svo mikið angraði það hana, að þó hún hefði séð ofan í opið helvíti, og séð sínar syndir þar uppskrifaðar, og hún skyldi þar brenna, hefði hún það kjörið sér. Hér með leitaði hún við að drepa sig sjálf, og gat það ekki gjört, því hún átti að lifa með þessa heimsskömm og hneisu fyrir manna augum. En eftir dauðan að fara í eilífar píslir, nema hún hafi gjört rétta og sanna iðran.	She gave the world many other, further, and more rebukes than is written here. It also says that she pondered so much that she would see her lord Tíodel, that she did not know any torture that she would not want to be tormented with, and it troubled her so much, that even if she had seen down into open hell-torment, and seen her sins written up there, and that she must burn there, she would have chosen that for herself. Hereby, she sought to kill herself, and that could not be done, because she had to live with this world-famous shame and scandal in front of human eyes. But after death to go into eternal torment, unless she had done right and could demonstrate repentance.
Verður nú þar til að taka, sem kóngur lýkur upp herberginu, sté margur maður með kóngi, og riddarinn—var nú mikil forvitni á hvað títt mundu vera. Og sem kóngur gengur í herbergið að litast um, sér hann þá, hvar maður liggur fagur og fríður í sænginni. Kennir kóngur Tíodel sinn gamlan vin, en öðrumegin í herberginu ljótan ham með [f]nykur og fýlu. Kóngur gengur að sænginni og styður á hann. Nú vaknar riddarinn Tíodel og lítur kóng og hans hirð. Gengur hann þá til riddarans, og fagnar honum kærlega. Kveður Tíodel hann sér sitt líf aftur gefið hafa með sinni mennt og visku. Hér með gaf hann honum svo mikið gull og silfur að ómögulegt var á vog að færa. Hér með talar Tíodel til kóns og segir hann skuli aldrei í hans hirð vera, nema þessi hans lífgjarfari sé honum næstur til	The next thing to tell is that, when the king unlocks the room, many people went with the king and the knight: there was great curiosity about what would have happened. And as the king walks into the room to look around, he sees then where a man was lying, handsome and in peaceful in the bed. The king recognises his old friend Tíodel, and on the other side of the room was an ugly skin with malodour and stench. The king walked to the bed and prods him. Now the knight Tíodel awakens and looks at the king and his court. He goes over to the knight, and greets him affectionately. Tíodel says that he has given him his life back, along with his skills and wisdom. Hereby he gave him so much gold and silver that it was impossible to weigh. Then Tíodel speaks to the king and he says he

allra virðinga. Kóngur sagði svo skyldi vera.	will never be in his court, unless thais man, his life-saver, should be alongside him in all honours. The king said it should be so.
Hér með þá bíður kóngur Tíodel að taka sína frú í satt við sig, en hann sagði hún skyldi aldrei fyrir sín augu koma. Kveður hana ljóta og leiða: í burt mega dragast í önnur fjarlæg lönd og ríki, og hennar vondan vallara; en hana ekki svo djarfa, að beiðast af sér góðs né garða, friðar né frægðar, auðs né ástar. Kveður hana hins versta af sér verða fyrir sín svik, og sína undirhyggju. Var hún í burt flutt, hennar hjú og hyski, góðs og gersemar, fylgd og föruneyti. En það er af henni að segja, að öll þau börn hún átti voru neflaus borin. Því má það sjá hversu Guð varð henni reiður.	Then the king requested that King Tíodel should make peace with his wife, but he said he never wanted her in his sight again. He declares her ugly and loathed: they could send her away to other distant lands and kingdoms, and her evil tramp too. And he declared her not to be so bold as to ask for either goods nor farmsteads, peace nor renown, wealth nor love. He declares that the worst should become of her on account of her betrayal and her plotting. She was sent away, with her servants and items, goods and treasures, company and entourage. But it can be said of her, that all of her children she had were born noseless. Therefore it can be seen how God was angry with her.